

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð um stuðningslán, nr. 534/2020.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað „12“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 18.
2. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá getur lánastofnun heimilað að lán verði endurgreitt með allt að 18 jöfnum greiðslum á jafn mörgum mánuðum síðasta hluta láns-tímans.
3. Í stað „fimm“ og „þremur“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: fimm og hálf; og: þremur og hálfu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 13. gr. og 24. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 31. janúar 2023.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnlaugur Helgason.*